



VATN FYRIR KÝRNAR

Kýrnar innbyrða mikið magn vatns (hámjólka kýr líklega um 70-100 lítra á sólarhring) og ættu að hafa ótakmarkað aðgengi að hreinu og fersku drykkjarvatni. Ef vatnið er ekki nægt kemur það niður á mjólkurframleiðslunni, kýrnar éta minna og áhrifin á meltinguna verða neikvæð.

Drykkjarþörfin er mest strax eftir mjaltirnar og kringum áttímann. Þegar kýrnar hafa hvílst á básum/legubásum drekka þær gjarnan þegar þær standa upp til að fá sér að éta og eins að loknu áti. Í lausagöngufjósum skiptir staðsetning vatnskara máli og rýmið kringum þau – þarf að vera þannig að allar kýr finni sig öruggar og í friði frá hinum á meðan þær drekka. Hæð kara má heldur ekki vera of mikil – komi þrýstingur framan á hálsinn verður óþægilegt að kyngja (prófaðu bara!).

Strax eftir burð er mælt með að kýrnar fái volgt vatn sem fyrst. Það hvetur til þess að þær fari frekar að éta og verði sprækari.

- Vatnskör í lausagöngufjósum: 25-30 kýr á hvert kar / 8 kýr á hverja skál
- Drykkjarskálur í básafjósum: Helst skál á hverja kú – ef ekki, þá líta eftir því hvort ekki sé gott samkomulag milli kúnna sem deila skálinni.

Tékk:

- Er alltaf nóg af hreinu vatni (hefurður lyst sjálf/ur á vatninu) ?
- Eru nógu mörg drykkjarlát til staðar og eru þau vel staðsett ?
- Er vatnsþrýstingur nægur ?
- Er vatnsrennsli að lágmarki 10 l/mín ?
- Er nóg athafnapláss kringum karið fyrir kýrnar þannig að þær drekki í friði óháð goggunarröð ?
- Hvernig líta kýrnar út (glansandi hárafar og lífleg augu kúnna => nægt vatn / sjúskað hárafar og djúpt sokkin augu í kúpunni => lítið vatn innbyrt) ?

Þumalfingurviðmið:

- ⇒ Dagleg tæming vatnskara / tékk á skálum
- ⇒ Vikuleg hreinsun (bursta, ná botnfallinu burtu – getur verið gróðrastía).
- ⇒ Ákveða fastan dag til hreinsunar á vatnslátunum :o)

Meira en 85% af mjólkinni er vatn – ferskt og gott drykkjarvatn er ódýrt ”fóður”